

Sviðsstjóri stjórnslusviðs, ráðning

Lögð er fram tillaga um að bæjarráð leggi til við bæjarstjórn að Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður verði ráðin sviðsstjóri stjórnslusviðs.

Störf sviðsstjóra stjórnslusviðs og bæjarlögmanns verði sameinuð. Bæjarlögmaður taki yfir sameinuð störf og samhliða verði ráðinn lögfræðingur á stjórnslusviðið. Við þessa breytingu færist launadeild og tölvudeild til fjármálasviðs af stjórnslusviði.

Bæjarráð vísar eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður verði ráðin sviðsstjóri stjórnslusviðs.

Greinargerð

Nú þegar sviðsstjóri stjórnslusviðs hefur ákveðið að hverfa til annarra starfa gefst tækifæri til að hagræða í yfirstjórn Hafnarfjarðarbæjar. Lagt er til að störf sviðsstjóra stjórnslusviðs og bæjarlögmanns verði sameinuð.

Telja verður að það falli mjög vel saman að sviðsstjóri sinni einnig starfi bæjarlögmanns því störfin lúta að mörgu leyti að sömu viðfangsefnum. Breyting þessi hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir bæjarfélagið og leiðir eingöngu til þess að möguleiki verður að nýta stöðugildi sem losnar til að ráða lögfræðing á stjórnslusviðið og og efla þannig þá þjónustu innan bæjarins. Jafnvel má ætla að breyting leiði til nokkurs sparnaðar s.s. vegna aðkeyptrar lögfræðiþjónustu. Til þess að skapa svigrúm fyrir sviðsstjóra að sinna jafnframt starfi bæjarlögmanns er lagt til að launadeild og tölvudeild færist af stjórnslusviði til fjármálasviðs. Viðfangsefni þessara tveggja deilda falla á margan hátt jafn vel að hlutverki fjármálasviðs og stjórnslusviðs.

Eins og fram kemur í þeirri tillögu, sem þessi greinargerð fylgir, hefur verið leitað eftir því við Sigríði Kristinsdóttur, bæjarlögmann, að hún taki að sér starf sviðsstjóra stjórnslusviðs samhliða því að gegna starfi bæjarlögmanns. Hefur hún fyrir sitt leyti fallist á þá málaleitan. Bæjarlögmaður starfar á stjórnslusviði og er því um tilfærslu í starfi að ræða. Er slík tilfærsla heimil samkvæmt 84. gr. samþykta bæjarins. Góð reynsla er af störfum Sigríðar sem bæjarlögmanns og tel ég að hún sé mjög hæf til að gegna starfi sviðsstjóra stjórnslusviðs. Hún hefur á því ári sem hún hefur starfað hjá Hafnarfjarðarbæ fengið góða innsýn í stjórnslu bæjarins.

Með vísan til alls framangreinds er framangreind tillaga lögð fram en þar er gert ráð fyrir að sameina starf sviðsstjóra stjórnslusviðs og bæjarlögmanns. Við breytinguna færist launadeild og tölvudeild til fjármálasviðs af stjórnslusviði. Bæjarlögmaður taki við sameinuðu starfi og samhliða verði ráðinn lögfræðingur á stjórnslusviðið.

Hafnarfirði, 1. nóvember 2016

Haraldur L. Haraldsson
bæjarstjóri